



TILNEFNINGAR ÓSKAST VEGNA VIÐURKENNINGA FYRIR SNYRTILEGT UMHVERFI 2021

Kæru sveitungar

Umhverfis- og atvinnumálanefnd Svalbardsstrandarhrepps hefur ákveðið að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi umgengni og snyrtimennsku.

Nefndin óskar hér með eftir tilnefningum frá íbúum Svalbardsstrandarhrepps fyrir annars vegar fyrirtæki eða bújörð og hins vegar fyrir íbúðarhús og nærumhverfi þess.

Við biðjum ykkur um að horfa í kringum ykkur og senda tilnefningar með stuttum rökstuðningi af hverju viðkomandi hljóti viðurkenningu. Einnig má gjarnan koma ábendingum á framfæri til nefndarinnar um einstaklinga sem hafa beitt sér sérstaklega í þágu umhverfismála í Svalbardsstrandarhreppi.

TILNEFNINGAR SKAL SENDA Á UMHVERFISNEFND@SVALBARÐSSTROND.IS EÐA SKILA Á HREPPSSRIFSTOFU FYRIR HÁDEGI MIÐVIKUDAGINN 22. DESEMBER

Umhverfisverðlaun 2021 verða afhent á þorrablóti í janúar 2022

UMHVERFIS- OG ATVINNUMÁLANEFND SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

7.-8. bekkur í Valsárskóla samdi nokkur ljóð um veturinn, aðventuna eða jólin. Flestir nýttu sér krossglímu við uppsetningu á ljóðinu en þá sjáð þið megin viðfangsefni ljóðsins birtast í lóðréttri línu. Við óskum þess að þið njótið aðventunnar og jólaanna.

Jólasveinar

J ólasveinar koma á morgun
Ó mar söngur um allan bæinn
L jóti ljóti kötturinn
A llir hræðast köttinn
S vei ó svei
V itir menn nú hugsa allir til
jólakattarins
E kki jólasveinanna

I nn í bæ fá allir gott að borða
N ema jólasveinarnir
A rgar í Grýlu þegar jólasveinarnir
eru farnir
G R ýla er óróleg

Sædis Heba Guðmundsdóttir

Góð fjölskylda á jólunum
F rábær matur
J ákvæðni og gleði
Ö rugg samtöl
L júf og blíð
S kemmtilegt að vera saman
K urteis og traust
Y ndislegur eftirrættur
L ífleg stemming

D ýrmætt að njóta þess að geta
verið saman
U ndrandi jólatré
H amingjustund
Á nægð með gjafirnar
T ryllt gleði
Í s í eftirrætt
Gle ð íleg jól!

Júnía Sól Jónasardóttir

Lausaganga katta

Stór ógnvekjandi köttur
ráfar svangur um sveitirnar.
Hann hvæsir og dæsir.
Krakkar gráta, þeir fá enga flík.
Ætli þeir endi í maga kattarins?
Jólin nálgast
hræðslan magnast.
Konur keppa í þrjóni.
Krakkar róast.
Keppnin þróast.
En hvað með köttinn?

Reynir Harðarson

Jólasnjór

J ólasveinar fastir í snjóskafli
Ó veður og kósýheit
L eikið í snjónum
A lmennileg snjókorn
S njórinn fellur
N iðurfallandi snjókorn
J ólastemming
Ó fær heimreið
R jóðar kinnar

Heiðbjört Kristín Ómarsdóttir

Aðfangadagur

A ldrei að ná að sofna
AÐ fararnótt jóla
F áranlega löng bið
A ðfangadagur lengi að koma
N ammi í skál
G rjónagrautur með möndlu
A ð fá í skóinn
D agurinn lengi að líða
A llir að bíða eftir að fá að þrifa sig
U ndarlegar gjafir
R eka á eftir mömmu og pabba
með uppþvott

Assa

HÓ HÓ HÓ!

Kæru sveitungar líkt og liðna áratugi munu jólasveinarnir fara um sveitina og safna og bera út innansveitar jólapóst fyrir jólin.

Sveinarnir hafa haft nokkrar áhyggjur af jólakortaskrifum sem hafa verið á undanhaldi síðustu ár. Þeir hafa þó trú, eftir eitt árið enn með takmörkunum án þorablóts, bryggjuhátíðar og almennt fámennra samkundna, að ströndungar verði duglegir að taka upp pennann og senda jólakveðjur sín á milli í fallegu korti.



Sveinarnir verða hressir að vanda með von um að fá einhvern smá styrk í sjóðinn sinn því gamlir jólasveinar geta ekki hugsað sér að hætta þessum gamalgróna jólasíð, að líta á ykkur fyrir jólin. Farið verður **sunnudaginn 19. desember upp úr kl 16.**

Í ár ætla sveinarnir að færa út kvíarnar og bjóða upp á aukna þjónustu t.d. fyrir foreldra sem vilja fá stærri pakkasendingar barna sinna heimsendar með sveinum. Þeir sem hafa áhuga á því geta komið með pakkana til umboðsmanns sveinanna í Valsárskóla daginn áður, laugardaginn 18. des frá 15 - 15:30.



Gjaldskráin er sem fyrir hófleg: sendingarkostnaður er 150 fyrir kortið og 300 fyrir smá pakka sem passa með jólakortum í póstkassa eða um bréfalúgur. Þjónusta með stærri pakka sem verða afhentir í sömu ferð og kortin eru sótt: er 1 pakki 800 kr, tveir pakkar 1000 kr, þrír pakkar 1500 og 500 krónur áfram á hvern pakka sem bætist við eftir það.

Greitt er fyrir pósthjónustuna um leið og sótt er eða pakkar afhentir.

Þeir sem ekki verða heima þegar sveinarnir verða á ferðinni en vilja nýta sér þjónustuna geta haft samband við umboðsmann þeirra, Betu í Heiðarbóli með skilaboðum á facebook eða í síma 863-1279, líka ef þið skiljið eftir í póstkassa eða á hurðarhúni svo verði ekki farið á mis við neitt 😊

Flugeldasala



Söludagar:

Mið 29.des kl.16:00 - 23:00

Fim 30.des kl.16:00 - 23:00

Fös 31.des kl.10:00 - 16:00

Valsárskóla vestur inngangur



Flugeldasýning:

Fös 31.des kl.20:30

Brenna:

Fös 31.des kl.20.30

Víð minnum á grímuskyldu og fjöldatakmörkun

Mesta álagið hefur verið 31. desember. Lengjum-öpnunartíman. Hvetjum viðskiptavinum til að kíkja víð fyrir til að dreifa álaginu



Gledileg jól

Svalbarðsstrandarhreppur óskar landsmönnum öllum gledilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjulegt samstarf á árinu



Svalbarðsstrandarhreppur